



VERKLAGSREGLUR VEGNA FERÐAKOSTNAÐAR

1 TILGANGUR

Verklagsreglunum er ætlað að stuðla að samræmdum vinnubrögðum við meðferð ferðakostnaðarreikninga vegna ferðalaga starfsmanna á vegum Ísafjarðarbæjar.

2 ÁBYRGÐ

Yfirmaður viðkomandi starfsmanns ber ábyrgð á að afhenda og kynna fyrir starfsmanni þær reglur sem í gildi eru varðandi ferðalög og ferðakostnað hjá sveitarfélaginu. Hann ber ábyrgð á samþykkt, annarsvegar ferðaheimildar og hins vegar ferðakostnaðarreiknings vegna ferðalaga starfsmanna sinna.

Starfsmaður ber ábyrgð á að fylla út ferðaheimild og síðan ferðareikning skv. útlögðum kostnaði og að fá þessa pappíra samþykkt áður en til ferðar kemur. Hann ber einnig ábyrgð á að halda utan um frumrit reikninga sem fylgja þurfa ferðaheimild og ferðareikningi við innheimtu hjá gjaldkera.

3 FRAMKVÆMD

3.1 Ferðalag fram undan

Sé ferðalag fram undan þarf viðkomandi starfsmaður að fylla út [ferðaheimild](#) og koma henni til síns yfirmanns, sem ber ábyrgð á samþykkt hennar. Fyrir þarf að liggja samþykkt ferðaheimild áður en ferð er skipulögð.

3.2 Hvernig skal ferðast

Leita skal hagstæðustu leiða til ferðalaga og nýta þau tilboð sem eru í gangi hverju sinni hjá flugfélögum og bílaleigum. Ódýrast er að panta flugfar á netinu en muna þarf að fá kvittun fyrir greiddu fargjaldi. Ísafjarðarbær er aðili að [rammasamningi ríkisstofnana](#) við bílaleigurnar Avis, Hertz og Blue Car. Ávallt þarf að skila kvittunum fyrir útlögðum kostnaði. Í þeim tilfellum sem starfsmaður kys að aka eigin bíl milli landshluta greiðist kílómetragjald samkvæmt [gjaldskrá](#) Sjúkratrygginga Íslands.

3.3 Ferðakostnaður

Þegar starfsmaður innheimtir útlagðan kostnað vegna ferðalaga á vegum sveitarfélagsins skal hann fylla út eyðublaðið Ferðakostnaður innanlands/erlendis. Ferðakostnaðurinn er síðan inn-



heimtur hjá gjaldkera sem greiðir að jafnaði samdægurs. Til þess að gjaldkeri geti greitt ferðakostnaðinn þurfa að fylgja honum kvittanir fyrir útlögðum kostnaði ásamt samþykktri ferðaheimild.

Öll eyðublöðin má nálgast á [starfsmannavef](#).